

Skólastjórinn og barnabiblían



Texti: Hans J. Sagrusten

Mynd: Dag Smemo

Íslensk þýðing: Þorgils Hlynur Þorbergsson

Í dag hafa börn í kristna skólanum fengið barnabiblíur frá Biblíufélaginu. Sama barnabiblían lagði góðan grunn að trú Natalyu skólastjóra.

Natalya Slobodska (33) er skólastjóri kristna barnaskólans „Hins lifandi Orðs“ sem aðventistakirkjan rekur. Við lok skólaársins, fyrir sumarfrí, fengu öll börnin í skólanum Biblíu frá Biblíufélaginu. Eitt barnanna var sonur skólastjórans.

– Illya kom hlaupandi inn til mín og sagði: „Sjáðu, mamma! Nú á ég mína eigin Biblíu.“ Og þá var það sama, bláa barnabiblían sem ég hafði sjálf óskað mér þegar ég var lítill!

– Ég reyndi að finna svona barnabiblíu handa honum þegar hann var lítill, en það var ekki hægt að nálgast neina. Þess vegna er ég hæstánægð núna. Ég vil þakka Biblíufélaginu fyrir barnabiblíurnar sem nemendur skólans fengu í dag.

- Mín eigin barnabiblía var ódýr, gráleit Biblía, án lita, sem ég fékk þegar ég var sjö ára. Það var fyrst mörgum árum síðar sem ég fékk að sjá sömu barnabiblíuna og nemendurnir í dag, í fnum litum og í blárri kápu.“

Það var hjá ömmunni sem hún sá barnabiblíuna fyrst.

– Ég man eftir herbergi ömmu minnar og bókahillunni hennar. Það var var sem ég fann gráu barnabiblíuna. Þessa ódýru útgáfu hafði amma fengið keypta árið 1990. Biblían var með stóru lettri og stuttum sögum. Mér fannst gaman að lesa, svo að ég var fljót að lesa Biblíuna út í gegn.

– Síðan sá ég sömu barnabiblíuna í lit. Ég ákvað með sjálfri mér, að þegar ég eignaðist einhvern tímann barn sjálf, þá vildi ég að barnið mitt fengi þessa barnabiblíu í lit. Þegar Illya fæddist svo, svipaðist ég um eftir bláu barnabiblíunni, en það var ómögulegt að nálgast hana. En í dag hefur hann loksins eignast hana!

Hvaða þýðingu hefur gamla barnabiblían haft fyrir líf hennar?

– Í dag sé ég að barnabiblían lagði mikilvægan grunn að trúnni minni. Það var lítið fræ sem lét ekki mikið yfir sér, en sem ég fékk mikinn áhuga á.

– Þegar ég sé í dag hversu margar biblíuútgáfur við getum nálgast, get ég aðeins sagt: Guði sé lof! Þökk fyrir góða matinn, sem við getum gefið börnunum okkar, og fyrir það að við getum notað Biblíuna án endurgjalds, bæði í skólanum og heima hjá okkur!

– Í dag kostar Biblía tæplega dagslaun. En margar þeirra fjölskyldna sem í dag hafa fengið barnabiblíur, hefðu ekki haft efni á því að kaupa eina slíka. Það eru margir sem ekki fá greidd laun í dag, vegna aðstæðna í landinu okkar.

– Þær 70 barnabiblíur sem þið hafið dreift í dag, munu hafa mikla þýðingu fyrir fjölskyldur þessara barna! Þegar börn ganga í kristinn skóla, koma þau til foreldranna og segja þeim að þau vilji heyra biblíusögur við rúmstokkinn. Og þá verða foreldrarnir að lesa fyrir þau!

Natalya minnst þess þegar afstaðan til kristinna manna tók að breytast.

– Ég man að móðir mín, sem var einlæglega rétttrúuð, kristin kona, fór að taka mig með til kirkjunnar á hverjum sunnudegi. Það var árið 1987, þegar ég var fimm ára, sem glasnosti og perestrojku var komið á í Sovétríkjunum.

– Þegar mamma var lítil, kom kom kennarinn í kirkjuna og skrifaði niður nöfn þeirra skólabarna sem voru þar. Daginn etir þurftu þessir nemendur að standa fyrir framan alla hina, á meðan kennarinn spurði þá, hvernig þeim dytti í hug að gera nokkuð svona heimskulegt.

– En þegar ég var lítil var það auðveldara. Ég naut biblíukennslu innan rétttrúndarkirkjunnar. Þegar ég var fjórtán ára, voru aðventistar með biblíumót í þorpinu mínu. Upp frá því byrjaði ég að lesa Biblíuna spjaldanna á milli.

Nú les Natalya alla Biblíuna í gegn einu sinni á ári. Og henni leiðist það ekki.

– Í hvert sinn sem ég les í Biblíunni, opnast mér nýjar gáttir. Í sérhvert sinn!